

## Fjármál hins opinbera 2008

### General government finances 2008

#### Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 200 milljarða króna árið 2008, eða 13,6% af landsframleiðslu og 30,6% af tekjum þess. Til samanburðar var tekjuafkoman jákvæð um 5,4% af landsframleiðslu 2007 og 6,3% árið 2006. Þessi skarpi viðsnúningur skýrist fyrst og fremst af 192,2 milljarða króna yfirtöku ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands en án hennar var tekjuafkoman neikvæð um 8 milljarða króna eða 0,5% af landsframleiðslu. Að yfirtökunni undanskilinni jukust útgjöld hins opinbera um 19,6% milli ára á sama tíma og skatttekjur jukust um aðeins 2%. Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans miklu um þróun í afkomu hins opinbera í heild. Tekjuafkoma sveitarfélaga hefur einnig snúist til verri vegar, en á árinu 2008 nam tekjuhalli þeirra 12,9 milljörðum króna eða 0,9% af landsframleiðslu og 6,7% af tekjum þeirra.

Tekjur hins opinbera reyndust 654 milljarðar króna 2008 og hækkuðu um 30 milljarða króna milli ára eða 4,8%, en lækkuðu um 6,4% að raunvirði miðað við verðvísitölu landsframleiðslu. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu þær 44,3% samanborið við 47,9% árið 2007 og hafa því lækkað umtalsvert á þennan mælikvarða. Útgjöld hins opinbera námu hins vegar 854 milljörðum króna árið 2008 og hækkuðu um 300 milljarða króna milli ára, eða úr 42,5% af landsframleiðslu árið 2007 í 57,8% árið 2008. Að yfirtöku ríkissjóðs á töpuðum kröfum Seðlabankans undanskilinni hækkuðu útgjöld hins opinbera um 6,8% að raunvirði milli ára og námu 44,8% af landsframleiðslu.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála voru 135,2 milljarðar króna 2008, eða 9,2% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 111,7 milljarðar króna en hlutur heimila 23,5 milljarðar, eða 17,4% af útgjöldunum. Til fræðslumála var ráðstafað 122,4 milljörðum króna á árinu 2008, eða 8,3% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera 111,8 milljarðar króna og hlutur heimilanna 10,5 milljarðar króna, eða 8,6%. Til almannatrygginga og velferðarmála ráðstafaði hið opinbera 132 milljörðum króna 2008, eða 8,9% af landsframleiðslu, og nam hækkunin milli ára 20,5 milljörðum króna.

Hrein peningaleg eign hins opinbera, þ.e. peningaleg eign umfram skuldir, var neikvæð um 293,5 milljarða króna í árslok 2008, eða sem svarar 19,9% af landsframleiðslu. Hún hafði versnað um 307 milljarða króna milli ára eða um 20,9% af landsframleiðslu. Peningalegar eignir hins opinbera námu 1.128 milljörðum króna í árslok 2008 og heildarskuldir 1.422 milljörðum króna.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Rétt er að vekja athygli á því að 300 milljarða króna hlutfjárviðrði ríkissjóðs og fjármögnun þess vegna yfirtöku bankanna 2008 er ekki meðtalin í peningalegum eignum og skuldum hins opinbera í árslok 2008 til samræmis við uppgjör ríkisreiknings.



## Inngangur

*Fjármál hins opinbera eru í brennidepli í þessu riti*

Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Verður vikið að afkomuþróun hins opinbera, en einnig verður gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum. Þá verður í stuttu máli fjallað um umfangsmestu málaflokka hins opinbera, þ.e. heilbrigðismál, menntamál og velferðarmál, og þeim gerð skil í talnaefni og myndum. Einnig verður vikið að peningalegum eignum og skuldum hins opinbera og breytingum á þeim. Að lokum verður stuttlega vikið að hinum opinbera geira í víðri merkingu, þ.e. hinu opinbera og fyrirtækjum þess (e. *public sector*). En fyrst verður vikið að umfangi hins opinbera í þjóðarbúskapnum. Í töfluviðauka má sjá enska útgáfu af töflum þessa rits.


## Umfang hins opinbera

*Hið opinbera takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarsjóði og almannatryggingar*

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkar það við þá starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vöru og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þrönga skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarsjóði og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

### Mynd 1. Innbyrðis skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2008

Figure 1. Relative size of governments in terms of revenue and expenditure 2008



Árið 2008 runnu 72,8% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 26,7% til sveitarfélaga eins og sjá má á mynd 1. Af tekjum ríkissjóðs runnu 27% áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárframlög eða 110,3 milljarðar króna til almannatrygginga og 18,7 milljarðar króna til sveitarfélaga. Af útgjöldum hins opinbera er hlutur almannatrygginga 12,7% eða 108,7 milljarðar króna, sveitarfélaga 24,1% eða 205,4 milljarðar króna, og ríkissjóðs 63,2% eða 539,6 milljarðar króna.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands 2008 er þá meðtalin.


## Afkoma hins opinbera

Tekjuhalli hins opinbera nam 13,6% af landsframleiðslu 2008 með yfirtöku tapaðra krafna en 0,5% að þeim undanskildum

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 200 milljarða króna árið 2008, eða sem nemur 13,6% af landsframleiðslu og 30,6% af tekjum hins opinbera. Til samanburðar var tekjuafkoman jákvæð um 5,4% af landsframleiðslu 2007 og 6,3% 2006. Tekjuafkoman hefur sveiflast verulega síðasta áratuginn eins og sjá má á mynd 2 og töflu 1. Að undanskilinni 192,2 milljarða króna yfirtöku ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands var tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 8 milljarða króna 2008 eða 0,5% af landsframleiðslu.

### Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP



Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans miklu um þróun í afkomu hins opinbera í heild. Árið 2008 nam tekjuhalli ríkissjóðs 191,7 milljörðum króna, eða 13% af landsframleiðslu, samanborið við 51,4 milljarða króna tekju-afgang 2007, eða 3,9% af landsframleiðslu. Þessi mikli viðsnúningur í tekjuafkomu ríkissjóðs milli ára skýrist fyrst og fremst af yfirtöku hans á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands en án hennar var tekjuafkoman jákvæð um hálfan milljarð króna. En þess utan jukust útgjöld ríkissjóðs um 18% milli ára (án yfirtöku) á sama tíma og skatttekjur hans jukust um aðeins 1%.

### Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2000–2008

Í milljörðum króna	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Heildartekjur hins opinbera	297,8	323,5	340,5	360,0	409,5	483,6	560,5	623,8	653,6
Heildarútgjöld hins opinbera	286,3	328,8	361,3	383,8	409,2	433,3	486,6	553,1	853,7
Tekjuafkoma hins opinbera	11,6	-5,3	-20,8	-23,8	0,3	50,2	73,8	70,7	-200,2
<b>Hlutfall af VLF</b>									
Heildartekjur hins opinbera	43,6	41,9	41,7	42,8	44,1	47,1	48,0	47,9	44,3
Heildarútgjöld hins opinbera	41,9	42,6	44,2	45,6	44,1	42,2	41,7	42,5	57,8
Tekjuafkoma hins opinbera	1,7	-0,7	-2,5	-2,8	0,0	4,9	6,3	5,4	-13,6
Tekjuafkoma ríkissjóðs	1,8	-0,5	-1,3	-1,8	1,0	4,4	5,3	3,9	-13,0
Tekjuafkoma sveitarfélaga	-0,4	-0,6	-1,3	-0,8	-0,8	0,1	0,3	0,6	-0,9
Tekjuafkoma almannatrygg.	0,3	0,4	0,0	-0,3	-0,2	0,4	0,7	0,9	0,3

Tekjuafkoma sveitarfélaga hefur einnig snúist til verri vegar, en á árinu 2008 nam tekjuhalli þeirra 12,9 milljörðum króna eða 0,9% af landsframleiðslu og 6,7% af tekjum þeirra. Til samanburðar var tekjuafkoman jákvæð um 8 milljarða króna árið 2007 eða 0,6% af landsframleiðslu. Þessi lakari afkoma skýrist meðal annars af um 7% raunlækkun tekna sveitarfélaga milli ára á sama tíma og útgjöld þeirra jukust um 4% að raunvirði. Mest var tekjulækkunin í gatnagerðargjöldum og tekjum af sölu byggingarréttar. Á útgjaldahliðinni var vöxturinn mestur í vaxtagjöldum, vörukaupum og tilfærslum ýmis konar.


### Tekjur hins opinbera

*Tekjur hins opinbera námu 44,3% af landsframleiðslu og lækkuðu verulega á þennan mælikvarða milli ára*

Tekjur hins opinbera námu um 654 milljörðum króna árið 2008 og hækkuðu um 30 milljarða króna milli ára eða 4,8%, en lækkuðu hins vegar um 6,4% að raunvirði m.v. verðvísitölu landsframleiðslunnar. Þær mældust 44,3% af landsframleiðslu samanborið við 47,9% árið 2007 og hafa því lækkað umtalsvert á þennan mælikvarða. Tekjur ríkissjóðs lækkuðu úr 34,9% af landsframleiðslu 2007 í 32,3% 2008 og tekjur sveitarfélaga úr 14,2% af landsframleiðslu í 13,1%. Tekjur almannatrygginga lækkuðu um 0,2 prósentustig af landsframleiðslu milli ára og námu 7,7% af landsframleiðslu árið 2008.

### Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP



### Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2000–2008

Í milljörðum króna	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Hið opinbera	297,8	323,5	340,5	360,0	409,5	483,6	560,5	623,5	653,6
Ríkissjóður	225,6	241,1	252,8	268,0	306,9	363,6	412,8	454,6	476,9
Sveitarfélög	78,8	91,0	96,1	101,9	112,8	130,7	161,2	185,3	193,4
Almannatryggingar	48,8	53,4	59,9	67,3	74,0	81,2	90,8	103,3	112,9
<b>Hlutfall af VLF</b>									
Hið opinbera	43,6	41,9	41,7	42,8	44,1	47,1	48,0	47,9	44,3
Ríkissjóður	33,0	31,2	31,0	31,9	33,0	35,4	35,3	34,9	32,3
Sveitarfélög	11,5	11,8	11,8	12,1	12,1	12,7	13,8	14,2	13,1
Almannatryggingar	7,1	6,9	7,3	8,0	8,0	7,9	7,8	7,9	7,7

*Skatttekjur- og tryggingagjöld skila hinu opinbera 542 milljörðum króna 2008 eða 36,7% af landsframleiðslu*

Af megintekjustofnum hins opinbera, þ.e. skatttekjum, tryggingagjöldum, fjárframlögum og öðrum tekjum, skila skatttekjur og tryggingagjöld 83% tekna þess eða 542,4 milljörðum króna árið 2008. Þeir tekjustofnar hafa lækkað umtalsvert milli ára, en árið 2008 mælast þeir 36,7% af landsframleiðslu samanborið við 40,7% 2007. Aðrar tekjur, eins og eignatekjur og sala á vöru og þjónustu, skiluðu hinu opinbera heldur meiri tekjum 2008 en undanfarin ár, aðallega vegna aukinna vaxtatekna, og mældust þær 7,4% af landsframleiðslu 2008, eða 109,6 milljarðar króna.


**Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 2000–2008**

Í milljörðum króna	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
<b>Heildartekjur</b>	<b>297,8</b>	<b>323,5</b>	<b>340,5</b>	<b>360,0</b>	<b>409,5</b>	<b>483,6</b>	<b>560,5</b>	<b>623,8</b>	<b>653,6</b>
Skatttekjur	234,1	250,7	264,3	282,4	323,3	383,7	445,4	490,5	500,8
Tryggingagjöld	19,7	21,9	23,4	26,1	28,4	32,8	38,4	39,6	41,6
Fjárframlög	0,7	0,9	0,7	1,0	1,3	1,2	1,4	1,1	1,5
Aðrar tekjur	43,4	50,0	52,1	50,5	56,6	65,9	75,2	92,6	109,6
<b>Hlutfall af VLF</b>									
<b>Heildartekjur</b>	<b>43,56</b>	<b>41,91</b>	<b>41,70</b>	<b>42,79</b>	<b>44,08</b>	<b>47,12</b>	<b>47,98</b>	<b>47,93</b>	<b>44,27</b>
Skatttekjur	34,24	32,48	32,37	33,57	34,80	37,39	38,13	37,69	33,92
Tryggingagjöld	2,88	2,84	2,87	3,10	3,05	3,19	3,29	3,04	2,82
Fjárframlög	0,10	0,12	0,09	0,12	0,14	0,11	0,12	0,09	0,10
Aðrar tekjur	6,34	6,48	6,38	6,01	6,09	6,42	6,44	7,11	7,43

Af skatttekjum og tryggingagjöldum skiluðu tekjuskattar hinu opinbera 263,5 milljörðum króna árið 2008 eða um 49% þeirra tekna (sjá töflur 4 og 20), en það svarar til 17,8% af landsframleiðslu. Skattar á vöru og þjónustu skiluðu 195 milljörðum króna, eða 36% þessara tekna, eða um 13,2% af landsframleiðslu. Þar af gaf virðisaukaskatturinn 134,4 milljarða króna, eða 9,1% af landsframleiðslu.

**Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**

*Figure 4. The general government main taxes as per cent of GDP*



Eignaskattar hins opinbera námu 32 milljörðum króna árið 2008, eða 2,2% af landsframleiðslu. Fasteignaskattar vega þar þyngst, en þeir námu 25,9 milljörðum króna það ár samanborið við 20,6 milljarða árið 2007. Skattar á fjármagnsviðskipti

(stimpilgjöld) skiluðu 5,6 milljörðum króna 2008 samanborið við 9,5 milljarða króna 2007.

Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti, einkum tollar, skiluðu hinu opinbera 5,9 milljörðum króna á árinu 2008, eða 0,4% af landsframleiðslu. Aðrar tekjur, þ.e. rekstrartekjur hins opinbera, voru 109,6 milljarðar króna á árinu 2008 og hækkuðu um 17 milljarða króna milli ára. Eignatekjur voru 57 milljarðar króna og sala á vöru og þjónustu 47,5 milljarðar króna.

**Tafla 4. Skatttekjur og tryggingagjöld hins opinbera 2000–2008**

Hlutfall af VLF	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Skatttekjur og tryggingagjöld	37,1	35,3	35,2	36,7	37,9	40,6	41,4	40,7	36,7
Skattar á tekjur og hagnað	14,8	15,3	15,3	16,0	16,1	17,6	18,3	18,5	17,8
Skattar á launagreiðslur	0,0	0,0	0,0	0,1	0,1	0,0	0,0	0,1	0,2
Eignaskattar	2,8	2,7	2,5	2,2	2,4	2,6	2,1	2,4	2,2
Skattar á vöru og þjónustu	16,0	13,9	14,1	14,8	15,7	16,7	17,2	16,1	13,2
Skattar á alþjóðaviðskipti	0,4	0,4	0,3	0,3	0,3	0,3	0,4	0,4	0,4
Aðrir skattar	0,1	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2	0,1	0,1	0,1
Tryggingagjöld	2,9	2,8	2,9	3,1	3,1	3,2	3,3	3,0	2,8

**Tafla 5. Tekjuskattar hins opinbera 2000–2008**

Í milljörðum króna	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
<b>Tekjuskattar alls</b>	<b>101,5</b>	<b>118,3</b>	<b>124,8</b>	<b>134,6</b>	<b>149,7</b>	<b>180,2</b>	<b>213,6</b>	<b>241,4</b>	<b>263,5</b>
Tekjuskattar einstaklinga	88,5	104,8	111,4	117,0	128,8	145,4	163,3	180,1	195,6
Tekjuskattur lögaðila	8,4	8,0	7,2	10,4	9,6	20,3	28,1	32,6	28,5
Fjármagnstekjuskattur	4,6	5,5	6,2	7,1	11,4	14,5	22,3	28,8	39,3
<b>Hlutfall af VLF</b>									
<b>Tekjuskattar alls</b>	<b>14,8</b>	<b>15,3</b>	<b>15,3</b>	<b>16,0</b>	<b>16,1</b>	<b>17,6</b>	<b>18,3</b>	<b>18,5</b>	<b>17,8</b>
Tekjuskattar einstaklinga	12,9	13,6	13,6	13,9	13,9	14,2	14,0	13,8	13,3
Tekjuskattur lögaðila	1,2	1,0	0,9	1,2	1,0	2,0	2,4	2,5	1,9
Fjármagnstekjuskattur	0,7	0,7	0,8	0,8	1,2	1,4	1,9	2,2	2,7

## Útgjöld hins opinbera

*Útgjöld hins opinbera hækkuðu úr 42,5% af landsframleiðslu árið 2007 í 57,8% árið 2008*

Útgjöld hins opinbera reyndust um 854 milljarðar króna árið 2008 og hækkuðu því um 300 milljarða króna milli ára, eða úr 42,5% af landsframleiðslu 2007 í 57,8% 2008. 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands skýrir stóra hluta þessarar hækkunar. En önnur útgjöld hins opinbera hækkuðu um 19,6% milli ára eða um 6,8% að raunvirði miðað við verðvísitölu landsframleiðslunnar. Aukningin skýrist fyrst og fremst af auknum útgjöldum ríkissjóðs en þau jukust um ríflega 73 milljarða króna að frátalinni ofangreindri yfirtöku og mældust 32,3% af landsframleiðslu 2008 samanborið við 31,0% árið 2007. Í þeirri aukningu vegur þungt mikill vöxtur í vaxtagjöldum og fjárfestingu, en einnig framlögum til almannatrygginga og kaupa á vöru og þjónustu.

Útgjöld sveitarfélaga jukust um 29 milljarða króna milli ára, en þau námu ríflega 206 milljörðum króna eða 14% af landsframleiðslu. Á síðustu sex árum hafa þau hækkað um 100 milljarða króna í krónum talið eða um ríflega 40% að raunvirði miðað við verðvísitölu landsframleiðslu. Samneysluútgjöldin námu um 130 milljörðum króna 2008 og fjárfestingin rúmlega 35 milljörðum króna. Mest var aukn-

ingin í vaxtakostnaði sem nam 8,2 milljörðum króna 2008. Útgjöld almannatrygginga hækkuðu um 17 milljarða króna milli ára og námu um 109 milljörðum króna eða 7,4% af landsframleiðslu.

Séu hagræn útgjöld hins opinbera skoðuð sést að samneysluútgjöldin, þ.e. launaútgjöld og kaup á vöru og þjónustu að frádreginni sölu á vöru og þjónustu, námu ríflega 367 milljörðum króna árið 2008, eða sem svarar 24,9% af landsframleiðslu. Þau hækkuðu um 50,5 milljarða króna milli ára og sem hlutfall af landsframleiðslu um 0,5 prósentustig. Launaútgjöldin námu 216,2 milljörðum króna, kaup á vöru og þjónustu 171,4 milljörðum króna og afskriftir 27,2 milljörðum króna. Til frádráttar er sala á vöru og þjónustu að fjárhæð 47,5 milljarðar króna.


Fjárfestingarútgjöld hins opinbera jukust verulega árið 2008, eins og sést á mynd 5, en þau námu 66 milljörðum króna og jukust um ríflega 11 milljarða króna milli ára og mældust 4,5% af landsframleiðslu. Mest er aukningin í fjárfestingu ríkissjóðs, en hún jókst um 8,6 milljarða króna og nam um 33 milljörðum króna 2008. Fjárfesting sveitarfélaga hækkaði um tæpa 3 milljarða króna milli ára.

**Tafla 6. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2000–2008**

Í milljörðum króna	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Hið opinbera	286,3	328,8	361,3	383,8	409,2	433,3	486,6	553,1	853,7
Ríkissjóður	213,5	244,7	263,1	283,3	297,6	318,0	350,9	403,2	668,6
Sveitarfélög	81,7	95,8	106,8	108,3	119,9	129,7	157,4	177,3	206,3
Almannatryggingar	46,4	50,3	59,8	69,4	75,9	77,6	82,7	92,0	108,8
<b>Hlutfall af VLF</b>									
Hið opinbera	41,9	42,6	44,2	45,6	44,1	42,2	41,7	42,5	57,8
Ríkissjóður	31,2	31,7	32,2	33,7	32,0	31,0	30,0	31,0	45,3
Sveitarfélög	12,0	12,4	13,1	12,9	12,9	12,6	13,5	13,6	14,0
Almannatryggingar	6,8	6,5	7,3	8,2	8,2	7,6	7,1	7,1	7,4

**Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF**

Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP



Tilfærsluútgjöld hins opinbera, þ.e. framleiðslustyrkir, fjárframlög, félagslegar tilfærslur til heimila og aðrar tilfærslur, námu 158,5 milljörðum króna árið 2008, eða 10,7% af landsframleiðslu (og er þá yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum Seðla-

bankans undanskilin). Hækkuðu þau um 29 milljarða króna milli ára, eða 0,8 prósentustig af landsframleiðslu. Félagslegar tilfærslur til heimilanna, sem numu um 90 milljörðum króna árið 2008, hækkuðu um 14,4 milljarða króna milli ára, eða um 0,3 prósentustig af landsframleiðslu. Framleiðslustyrkir námu 27,3 milljörðum króna og hækkuðu um 4 milljarða króna frá árinu áður.

**Tafla 7. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 2000–2008**

Hlutfall af VLF	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
<b>Heildarútgjöld</b>	<b>41,9</b>	<b>42,6</b>	<b>44,3</b>	<b>45,6</b>	<b>44,1</b>	<b>42,2</b>	<b>41,7</b>	<b>42,5</b>	<b>57,8</b>
Laun	14,6	14,7	15,7	16,3	15,7	15,6	15,3	14,9	14,6
Kaup á vöru og þjónustu	10,3	10,3	11,2	11,3	11,1	10,7	10,6	10,9	11,6
Vaxtagjöld	3,4	3,4	3,0	2,7	2,4	2,2	2,2	2,6	3,4
Framleiðslustyrkir	1,8	1,8	1,8	1,9	1,8	2,0	1,7	1,8	1,9
Félagslegar tilfærslur til heimila	5,6	5,6	6,3	7,1	6,8	6,2	5,7	5,8	6,1
Önnur tilfærsluútgjöld	2,1	2,3	2,3	2,5	2,2	2,3	2,1	2,2	15,6
Fjárfesting	4,1	4,5	3,9	3,6	3,9	3,1	3,9	4,2	4,5

*Velferðar-, fræðslu- og heilbrigðismál eru víðamestu málaflokkar hins opinbera og taka til sín ríflega 25% af landsframleiðslu 2008*

Útgjöldum hins opinbera má einnig skipta í málaflokka eins og stjórnsýslu, lög-gæslu, atvinnumál, heilbrigðismál, fræðslumál, almannatryggingar, velferðarmál o.s.frv. Almannatryggingar og velferðarmál eru fjárfrekasti málaflokkur hins opinbera en útgjöld til hans nema 8,9% af landsframleiðslu 2008, eða 132 milljörðum króna, og hafa farið vaxandi síðustu tvö árin sem hlutfall af landsframleiðslu eins og sést á mynd 6. Til fræðslumála hins opinbera runnu um 124 milljarðar króna 2008 eða 8,4% af landsframleiðslu og hækkuðu útgjöldin um 0,2% af landsframleiðslu milli ára. Til heilbrigðismála hins opinbera runnu ríflega 117 milljörðum króna 2008 eða 8% af landsframleiðslu, sem er sama hlutfall og árið áður. Fjallað er sérstaklega um þróun útgjalda til heilbrigðis-, fræðslu- og velferðarmála í sérstökum köflum hér á eftir.

**Tafla 8. Meginmálaflokkar hins opinbera 2000–2008**

Hlutfall af VLF	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
<b>Heildarútgjöld (verg)</b>	<b>41,87</b>	<b>42,60</b>	<b>44,25</b>	<b>45,62</b>	<b>44,05</b>	<b>42,22</b>	<b>41,66</b>	<b>42,50</b>	<b>57,82</b>
Æðsta stjórnsýsla	6,07	6,51	6,05	5,90	5,31	5,09	4,83	5,58	6,51
Varnarmál	0,02	0,03	0,03	0,04	0,04	0,04	0,07	0,06	0,06
Löggæsla, réttar- og öryggismál	1,52	1,48	1,45	1,52	1,47	1,44	1,45	1,47	1,52
Efnahags- og atvinnumál	6,75	6,97	6,43	6,60	6,33	5,76	5,91	5,84	19,52
Umhverfismál	0,73	0,70	0,71	0,72	0,72	0,68	0,65	0,63	0,67
Húsnæðis-, skipulags- og veitumál	0,36	0,39	0,69	0,42	0,42	0,39	0,65	0,49	0,51
Heilbrigðismál	8,01	7,91	8,66	8,86	8,45	8,08	7,92	7,94	7,95
Mennningar-, íþróttar- og trúmál	3,21	3,00	3,26	3,57	3,66	3,35	3,58	3,78	3,79
Fræðslumál	7,50	7,74	8,29	8,26	8,20	8,34	8,31	8,15	8,37
Almannatrygg. og velferðarmál	7,69	7,87	8,67	9,73	9,46	9,06	8,30	8,56	8,93


Kostnaður hins opinbera við stjórnsýslu og almenn málefni nam rúmlega 96 milljörðum króna í fyrra, eða 6,5% af landsframleiðslu. Þessi málaflokkur hækkaði um 23,4 milljarða króna milli ára eða 32,3% og munar þar mestu um hækkun vaxtakostnaðar en án hans var hækkunin 3,3 milljarðar króna. Sem hlutfall af landsframleiðslu hefur lög- og réttargæsla, ásamt öryggismálum, verið tiltölulega stöðug, eða í kringum 1½% af landsframleiðslu. Svipuð þróun hefur átt sér stað í útgjöldum til umhverfismála en þau hafa verið um 0,7% af landsframleiðslu. Til efnahags- og atvinnumála var ráðstafað 288 milljörðum króna árið 2008, eða 19,5% af lands-



framleiðslu. Án 192,2 milljarðar króna yfirtöku ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands var ráðstafað 96 milljörðum króna til þessa málaflokks og hækkaði hann um 12 milljarða króna milli ára eða um 0,8 prósentustig af landsframleiðslu. Ef útgjöldin eru skoðuð nánar kemur í ljós að um 61% þeirra runnu í samgöngumál 2008 og um 17% til landbúnaðarmála. Til menningar-, íþróttar- og trúmála runnu 56 milljarðar króna, en það er hækkan um 6,7 milljarða króna frá 2007. Sem hlutfall af landsframleiðslu mælast þessi útgjöld 3,8%.

### Mynd 6. Útgjöld til helstu málaflokka hins opinbera sem hlutfall af VLF<sup>1</sup>

Figure 6. Expenditure on main functions of general government as per cent of GDP<sup>1</sup>



<sup>1</sup> 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum veðlánum Seðlabanka Íslands 2008 er ekki meðtalin undir efnahags- og atvinnumálum. The central government debt assumption of 192,2 billion ISK in 2008 is excluded from economic affairs.

### Heilbrigðismál

Heilbrigðisútgjöld hins opinbera nema um 7,6% af landsframleiðslu 2008

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2008 námu 111,7 milljörðum króna,<sup>1</sup> eða 7,6% af landsframleiðslu, og jukust um 13,5 milljarða króna milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu stóðu þau nánast í stað milli ára. Langstærsti hluti heilbrigðisútgjalda hins opinbera eru samneysluútgjöld, þ.e. laun og kaup á vöru og þjónustu, en þau nema um 96,2% útgjaldanna. Afgangurinn er fjárfesting og tilfærslur.

### Tafla 9. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2000–2008

Hlutfall af VLF	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
<b>Opinber heilbrigðisútgjöld alls<sup>1</sup></b>	<b>7,70</b>	<b>7,56</b>	<b>8,31</b>	<b>8,48</b>	<b>8,04</b>	<b>7,68</b>	<b>7,48</b>	<b>7,54</b>	<b>7,56</b>
1. Lækningavörur og hjálpartæki	0,81	0,75	0,81	0,87	0,85	0,74	0,72	0,70	0,79
2. Þjónusta við ferlisjúklinga	1,35	1,36	1,42	1,52	1,51	1,42	1,41	1,41	1,47
3. Sjúkrahúsaþjónusta	5,29	5,23	5,79	5,79	5,43	5,25	5,13	5,18	5,08
4. Forvarnir og alm. heilbrigðisþj.	0,05	0,04	0,05	0,05	0,05	0,05	0,04	0,05	0,05
5. Heilbrigðismál ót.a.s.	0,20	0,18	0,25	0,25	0,20	0,21	0,17	0,19	0,18

<sup>1</sup> Kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera hafa verið dregin frá.

<sup>1</sup> Frá útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafa verið dregin kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera, en þau flokkast með einkaneyslu heimilanna.

Opinberum útgjöldum til heilbrigðismála má skipta niður á viðfangsefni, eins og gert er í töflu 9, en ýtarlegri sundurliðun er að finna í töflu 25 í töfluviðauka. Árið 2008 var ráðstafað um 5,1% af landsframleiðslu til sjúkrahúsaþjónustu, eða 75 milljörðum króna, og var hækkunin milli ára 7,5 milljarðar króna. Þar af var hlutur almennrar sjúkrahúsaþjónustu um 72% og útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu ríflega 26%. Til heilsugæslu (þjónustu við ferilsjúklinga) runnu um 21,7 milljarðar króna 2008, eða um 1,5% af landsframleiðslu. Aukningin milli ára var 3,3 milljarðar króna. Lyfja- og hjálpartækjakostnaður utan sjúkrahúsa varð um 11,6 milljarðar króna, en það nemur um 10,4% opinberra útgjalda til heilbrigðismála, eða 0,8% af landsframleiðslu.

Í töflu 24 í töfluviðauka má meðal annars sjá að útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru um 350 þúsund krónur á mann 2008, en síðust sjö árin hafa þau verið svipuð á föstu verði eða á bilinu 340–350 þúsund krónur. Þar af er kostnaður vegna almennra sjúkrahúsa 169 þúsund krónur á mann 2008, vegna heilsugæslu 68 þúsund, vegna hjúkrunar- og endurhæfingar 61,5 þúsund krónur og vegna lyfja og hjálpartækja 36,4 þúsund krónur á mann.

**Tafla 10. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2008**

	Hlutfall heilbrigðisútgjalda af landsframleiðslu			Hlutfall heimila í fjármögnun af heild	Heilbrigðisútgjöld á föstu verði <sup>1</sup>	Heilbrigðisútgjöld á föstu verði á mann <sup>1</sup>
	Hið opinbera	Heimili	Samtals			
1998	7,16	1,74	8,91	19,6	100,0	100,0
1999	7,91	1,72	9,63	17,8	109,5	108,2
2000	7,70	1,80	9,50	18,9	110,4	107,5
2001	7,56	1,78	9,34	19,0	113,1	108,6
2002	8,31	1,84	10,15	18,1	120,4	114,6
2003	8,48	1,90	10,38	18,3	121,7	115,2
2004	8,04	1,86	9,89	18,8	122,6	114,7
2005	7,68	1,76	9,44	18,6	123,6	114,4
2006	7,48	1,65	9,13	18,0	126,3	113,7
2007	7,54	1,60	9,14	17,5	132,9	116,8
2008	7,56	1,59	9,16	17,4	137,1	117,6

<sup>1</sup> Heilbrigðisútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneynslunnar.

*135 milljörðum króna var ráðstafað til heilbrigðismála á árinu 2008, eða um 9,2% af landsframleiðslu*

Í töflu 10 hefur útgjöldum heimila til heilbrigðismála verið bætt við útgjöld hins opinbera og sýnir taflan heildarútgjöld til heilbrigðismála á árunum 1998–2008, mæld sem hlutfall af landsframleiðslu. Einnig eru sýnd heilbrigðisútgjöld á mann á föstu verði. Þar sést að á árinu 2008 námu heildarútgjöld til heilbrigðismála um 9,2% af landsframleiðslu, en það samsvarar ríflega 135 milljörðum króna. Hæst urðu heilbrigðisútgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 er þau námu 10,4%. Um 17,4% útgjaldanna 2008 voru fjármögnuð af heimilunum. Heilbrigðisútgjöld á föstu verði hafa vaxið um nærri 37,1% síðustu tíu árin og um 17,6% á mann.

## Fræðslumál

*Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2008 námu 112 milljörðum króna, eða um 7,6% af landsframleiðslu*

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 111,8 milljörðum króna á árinu 2008,<sup>1</sup> eða um 7,6% af landsframleiðslu (sjá töflu 11). Í krónum talið hækkuðu útgjöldin um 15,5 milljarða króna milli ára. Um helmingur útgjaldanna rann til grunnskólastigsins, eða 53,7 milljarðar króna, og nam hækkunin milli ára 6,3 milljörðum króna. Til háskólastigsins runnu af hálfu hins opinbera um 22,9 milljarðar króna, eða 1,6% af landsframleiðslu, og jukust útgjöldin um 4,7 milljarða króna milli ára. Framhaldsskólastigið tók til sín 18,3 milljarða króna, og hækkuðu útgjöldin um 1,5 milljarða króna milli ára. Útgjöld hins opinbera til leikskólastigsins námu 11 milljörðum króna 2008 og hækkuðu um 2,3 milljarða króna milli ára. Afgangurinn, 5% af útgjöldum hins opinbera til fræðslumála, rann til annarra fræðslumála, svo sem stoðþjónustu og í stjórnunarkostnað.

**Tafla 11. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2000–2008**

Hlutfall af VLF	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
<b>Opinber fræðsluútgjöld alls<sup>1</sup></b>	<b>6,67</b>	<b>6,97</b>	<b>7,63</b>	<b>7,55</b>	<b>7,48</b>	<b>7,59</b>	<b>7,55</b>	<b>7,40</b>	<b>7,58</b>
1. Leikskólastig	0,47	0,52	0,50	0,50	0,47	0,51	0,62	0,67	0,75
2. Grunnskólastig	3,45	3,43	3,97	3,79	3,74	3,82	3,76	3,64	3,64
3. Framhaldsskólastig	1,18	1,40	1,41	1,45	1,45	1,38	1,38	1,29	1,24
4. Háskólastig	1,21	1,24	1,38	1,40	1,39	1,45	1,36	1,40	1,55
5. Önnur skólastig og stoðþj.	0,19	0,20	0,21	0,20	0,19	0,19	0,17	0,20	0,25
6. Önnur fræðslumál	0,17	0,18	0,18	0,20	0,24	0,24	0,24	0,19	0,15

<sup>1</sup> Kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera hafa verið dregin frá.

**Tafla 12. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2008**

	Hlutfall fræðsluútgjalda af landsframleiðslu			Hlutfall heimila í fjármögnun af heild	Fræðsluútgjöld á föstu verði <sup>1</sup>	Fræðsluútgjöld á föstu verði á mann <sup>1</sup>
	Hið opinbera	Heimili	Samtals			
1998	6,45	0,69	7,14	9,7	100,0	100,0
1999	6,61	0,70	7,31	9,6	103,5	102,2
2000	6,67	0,71	7,38	9,6	106,2	103,5
2001	6,97	0,73	7,70	9,4	115,5	110,9
2002	7,64	0,81	8,44	9,6	123,5	117,6
2003	7,55	0,89	8,44	10,6	121,9	115,4
2004	7,48	0,85	8,33	10,2	127,8	119,6
2005	7,59	0,84	8,43	9,9	136,2	126,0
2006	7,55	0,81	8,36	9,7	141,6	127,4
2007	7,40	0,78	8,18	9,5	145,1	127,6
2008	7,58	0,71	8,29	8,6	151,7	130,1

<sup>1</sup> Fræðsluútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar.

Í töflu 26 í töfluviðauka kemur fram að útgjöld hins opinbera til fræðslumála voru 350 þúsund krónur á mann árið 2008. Þar af var kostnaður vegna grunnskóla tæplega 167 þúsund krónur á mann, vegna framhaldsskóla 57,3 þúsund krónur og vegna háskólastigs um 71,6 þúsund krónur. Langstærsti hluti útgjalda hins opinbera til fræðslumála eru samneysluútgjöld, en fjárfestingarútgjöld vega einnig þungt.

<sup>1</sup> Frá útgjöldum hins opinbera til fræðslumála hafa verið dregin kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera sem flokkast með einkaneyslu heimilanna.

*Til fræðslumála í landinu er ráðstafað 8,3% af landsframleiðslu, eða ríflega 122 milljörðum króna*

Í töflu 12 hefur útgjöldum heimila til fræðslumála verið bætt við útgjöld hins opinbera. Að þeim meðtöldum eru heildarútgjöld til fræðslumála 8,3% af landsframleiðslu árið 2008, en það samsvarar um 122,4 milljörðum króna. Þetta hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarin ár. Um 8,6% útgjaldanna eru fjármögnuð af heimilunum og hefur sú hlutdeild farið lakkandi. Fræðsluútgjöldin á föstu verði<sup>1</sup> hafa vaxið jafnt og þétt frá 1998 og er vöxturinn 51,7% eða 30% á mann.

## Almannatryggingar og velferðarmál

*Undir almannatryggingar og velferðarmál falla félagslegar tilfærslur til einstaklinga og ýmis konar velferðarþjónusta*

Undir þennan málaflokk, almannatryggingar og velferðarmál, falla annars vegar ýmiss konar félagslegar tilfærslur til einstaklinga, t.d. vegna elli, örorku, veikinda, tekjumissis, fæðinga og atvinnuleysis, og hins vegar ýmiss konar velferðarþjónusta, einkum við börn, aldraða og fatlaða. Umsjón með tekjutilfærslum er að mestu í höndum almannatrygginga. Velferðarþjónusta við börn og aldraða er hins vegar að mestu á vegum sveitarfélaga og velferðarþjónusta við fatlaða á vegum ríkisins.

**Tafla 13. Opinber útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála 2000–2008**

Hlutfall af VLF	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
<b>Alm.trygg og velf.mál alls</b>	<b>7,69</b>	<b>7,87</b>	<b>8,67</b>	<b>9,73</b>	<b>9,46</b>	<b>9,06</b>	<b>8,30</b>	<b>8,56</b>	<b>8,93</b>
1. Sjúkdómar	0,09	0,08	0,09	0,09	0,08	0,08	0,06	0,05	0,06
2. Örorka og fötlun	1,86	1,76	1,83	2,16	2,23	2,17	2,12	2,17	2,36
3. Öldrun	2,41	2,32	2,38	2,59	2,57	2,66	2,21	2,24	2,24
4. Eftirlifendur	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,02	0,02	0,02
5. Fjölskyldur og börn	1,76	2,12	2,44	2,70	2,62	2,46	2,50	2,59	2,55
6. Atvinnuleysi	0,25	0,26	0,42	0,55	0,52	0,36	0,25	0,24	0,37
7. Húsnæðisaðstoð	0,74	0,72	0,85	0,93	0,83	0,75	0,64	0,61	0,68
8. Félagsleg aðstoð ót.a.s.	0,21	0,23	0,21	0,24	0,23	0,19	0,17	0,28	0,31
9. Alm.tr. og velf.mál ót.a.s.	0,34	0,35	0,42	0,44	0,35	0,37	0,32	0,36	0,34

*Hið opinbera ráðstafaði 132 milljörðum króna til almannatrygginga og velferðarmála 2008, eða 8,9% af landsframleiðslu*

Á árinu 2008 runnu 132 milljarðar króna til þessa málaflokks, eða 8,9% af landsframleiðslu, og nam hækkunin milli ára 20,5 milljörðum króna. Í hlutfalli við landsframleiðslu hækkuðu útgjöld þessa málaflokks um 0,4 prósentustig frá árinu 2007. Hæst mældust þau hins vegar 2003, eða 9,7% af landsframleiðslu.

Í töflu 13 má sjá yfirlit yfir útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála á árunum 2000 til 2008. Útgjöld hins opinbera til fjölskyldna og barna er umfangsmesti útgjaldaliðurinn, en til þess málaflokks runnu rúmlega 37,7 milljarðar króna 2008, eða 2,6% af landsframleiðslu. Hækkunin milli ára nam 4 milljörðum króna. Útgjöld vegna örorku og fötlunar námu 34,8 milljörðum króna og hækkuðu um 6,6 milljarða króna milli ára eða ríflega 23%. Útgjöld vegna öldrunar voru rúmlega 33 milljarðar króna og hækkuðu um 4 milljarða króna milli ára eða 13,7%. Framlög vegna atvinnuleysis námu 5,4 milljörðum 2008 króna samanborið við 3,1 milljarð króna 2007.

Rúmlega 68% útgjalda hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála eru félagslegar tilfærslur til heimilanna, en 27,7% er samneysluútgjöld af ýmsu tagi og afgangurinn að stærstum hluta fjárfestingarútgjöld. Samneysla hins opinbera í velferðarmálum var 33 milljarðar króna 2008. Þar af var samneysla sveitarfélaga tæplega þrjú fimmtu hlutar, en hún fólst að mestu í umönnun barna og aldraða, meðal

<sup>1</sup> Fræðsluútgjöld eru staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar, en undirþáttur hennar er launavísitala opinberra starfsmanna. Með notkun launavísitölu kennara væri staðvirðingin nákvæmari.

annars rekstri barna- og elliheimila. Samneysla ríkissjóðs á þessu sviði var að mestu þjónusta við fatlaða. Afgangurinn var samneysla almannatrygginga. Rúmlega sjö tíundu hlutar af heildarsamneyslu hins opinbera í velferðarmálum er launa-kostnaður. Fjárfesting hins opinbera í velferðarmálum var 2 milljarðar króna 2008.

*Útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála námu sem svarar 413 þúsund krónum á mann 2008*

Í töflu 27 eru fleiri upplýsingar um útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála. Árið 2008 voru útgjöld hins opinbera til þessa málaflökks um 413 þúsund krónur á mann á verðlagi þess árs, eða 16,7 þúsund króna hærri fjárhæð en árið á undan á sama verðlagi. Útgjöld hins opinbera vegna fjölskyldna og barna voru um 118 þúsund krónur á mann 2008 og vegna örorku og fötlunar um 109 þúsund krónur. Útgjöld vegna öldrunar námu hins vegar 103,7 þúsund krónum á mann árið 2008 og vegna húsnæðisaðstoðar 31,4 þúsund krónum. Kostnaður vegna atvinnuleysis nam 17 þúsund krónum á mann 2008 og hækkaði um 6 þúsund krónur frá 2007.

### Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

*Peningalegar eignir hins opinbera jukust um 417 milljarða króna á árinu 2008 og námu 1.128 milljörðum króna í árslok*

Peningalegar eignir hins opinbera námu um 1.128 milljörðum króna í lok árs 2008, eða sem nemur 76,4% af landsframleiðslu. Þær hækkuðu verulega á árinu, eða um 417 milljarða króna, og munaði þar mestu um 300 milljarða króna auknar lánveitingar á árinu, en þær námu 497 milljörðum króna í árslok 2008. Sjóður og banka-innistæður hækkuðu um 85 milljarða króna á árinu og námu 218 milljörðum króna í árslok. Viðskiptakröfur voru um 177 milljarðar í árslok og lækkuðu um 22 milljarða króna frá fyrra ári (sjá töflu 24 í töfluviðauka).

**Tafla 14. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 2000–2008**

Hlutfall af VLF	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Peningalegar eignir	35,4	45,7	43,5	40,3	36,8	39,0	49,6	54,7	76,4
Skuldir	72,9	75,0	72,0	71,0	64,5	52,6	57,5	53,6	96,3
Verðbréf	10,2	10,6	10,6	11,9	11,5	10,4	9,7	9,6	20,9
Lántökur	28,3	33,3	30,2	27,7	22,7	14,9	20,3	19,1	49,7
Innlendar lántökur	5,5	4,7	4,6	4,8	4,8	4,5	3,6	5,7	25,0
Erlendar lántökur	22,8	28,6	25,7	22,9	17,9	10,4	16,8	13,4	24,7
Lífeyrisskuldbindingar	28,5	25,6	26,8	27,0	25,7	23,8	23,4	20,6	19,7
Viðskiptaskuldir	5,9	5,4	4,4	4,4	4,6	3,5	4,1	4,3	6,0
Hrein peningaleg eign	-37,5	-29,2	-28,5	-30,7	-27,7	-13,6	-7,9	1,1	-19,9

*Heildarskuldir hins opinbera voru 1.422 milljarðar króna 2008*


Heildarskuldir hins opinbera námu um 1.422 milljörðum króna í árslok 2008, eða 96,3% af landsframleiðslu, og hækkuðu um 724 milljarða króna á árinu en þær voru 53,6% af landsframleiðslu 2007. Erlendar lántökur hækkuðu um 190 milljarða króna á árinu, en þær námu í árslok 365 milljörðum króna, eða 24,7% af landsframleiðslu. Innlendar lántökur námu 369 milljörðum króna í árslok og hækkuðu um 295 milljarða króna á árinu. Af öðrum skuldum hins opinbera hækkaði verðbréfaskuld þess um ríflega 184 milljarða króna á árinu og nam um 309 milljörðum króna í árslok. Þá jukust viðskiptaskuldir hins opinbera um 33 milljarða og voru í árslok 89 milljarðar króna.

Hrein peningaleg eign hins opinbera, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 293,5 milljarða króna í árslok 2008, eða sem svarar 19,9% af landsframleiðslu. Staðan versnaði um rúmlega 307 milljarð króna milli ára eða um 20,9% af landsframleiðslu. Fara þarf aftur til ársins 2004 til að finna lakari eigna-

stöðu en á því ári var hrein peningaleg eign hins opinbera neikvæð um 27,7% af landsframleiðslu. Í árslok 2008 var hrein peningaleg eignastaða ríkissjóðs og almannatrygginga neikvæð um 15,8% af landsframleiðslu, en hún var jákvæð 2,4% af landsframleiðslu 2007 en aftur neikvæð um 26,9% árið 2003. Hér er því um verulega umskipti að ræða á skömmum tíma. Hrein peningaleg eignastaða sveitarfélaga var neikvæð um 4% af landsframleiðslu árið 2003 en lagaðist allnokkuð 2007 og var í árslok 2007 neikvæð um 1,4% af landsframleiðslu, en var í árslok 2008 neikvæð um 4,2% af landsframleiðslu.<sup>1</sup>

### Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF

Figure 7. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP



### Hið opinbera og opinber fyrirtæki (e. public sector)

Eins og fram kom hér að framan nær hin hefðbundna skilgreining hins opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum einungis til þeirrar starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með sölu á vöru og þjónustu á almennum markaði. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

### Tafla 15. Fjármál hins opinbera og fyrirtækja þess 2000–2008<sup>2</sup>

Hlutfall af VLF	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Rekstrartekjur	61,4	62,4	58,1	60,3	61,8	62,4	64,6	63,1	67,2
Rekstrargjöld	56,5	59,5	57,4	60,4	58,1	54,5	54,9	54,3	66,4
Rekstrarjöfnuður	4,9	2,9	0,7	-0,1	3,7	7,9	9,8	8,8	0,8
Fjárfesting	5,3	5,5	4,1	5,2	5,8	6,6	9,0	9,2	7,6
Tekjujöfnuður	-0,4	-2,5	-3,4	-5,2	-2,1	1,2	0,8	-0,4	-6,8

Skýring: 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands eru ekki meðtalin.

<sup>1</sup> Rétt er að vekja athygli á að 300 milljarða króna hlutfjárilyrði ríkissjóðs og fjármögnun þess vegna yfirtöku bankanna 2008 eru ekki meðtalin í peningalegum eignum og skuldum hins opinbera í árslok 2008.


<sup>2</sup> Heimildir við uppgjör opinberra fyrirtækja eru: (1) Ríkisreikningur, (2) Árbók sveitarfélaga og (3) ársreikningar fyrirtækja.

Tekjuafkoma hins opinbera og fyrirtækja þess var neikvæð um 6,8% af landsframleiðslu 2008.

Frá hagstjórnarlegu sjónarmiði er þó áhugavert að skoða efnahagsleg áhrif hins opinbera geira í víðri merkingu, þ.e. hins opinbera og fyrirtækja þess. Í töflu 15 og töflu 28 koma fram upplýsingar um helstu hagstærðir þessa geira árin 2000 til 2008. Fram kemur m.a. að heildartekjur hans hafi numið 67,2% af landsframleiðslu 2008 og heildarútgjöld 66,4%. Tekjuafkoma<sup>1</sup> hans var neikvæð um 6,8% af landsframleiðslu 2008 á sama tíma og tekjuafkoma hins opinbera í þrengri merkingu var neikvæð um 0,5%.<sup>2</sup> Lakari tekjuafkomu hins opinbera að meðtöldum fyrirtækjum þess má skýra með miklum fjárfestingum fyrirtækjanna og langt umfram rekstrarafgang. Mynd 8 sýnir hvernig tekjuafkoma þessara aðila hefur þróast á árunum 2000 til 2008.

### Mynd 8. Tekjuafkoma opinberra aðila sem hlutfall af VLF

Figure 8. Public sector's financial balance as per cent of GDP



Skýring: 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands eru ekki meðtalin.

### Frekari upplýsingar

Í heftinu hefur megináhersla hefur verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Samsvarandi upplýsingar um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu Hagstofunnar, undir fjármálum hins opinbera, [www.hagstofa.is/Hagtolur/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera](http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera).

